

Safnhaugar í heimilisgörðum

Í samstarfi við HORTICUM menntafélag.

Það hefur færst mikið í vöxt að garðeigendur komi sér upp safnhaugum í görðum sínum og jarðgeri lífrænan úrgang s.s. gras, greinar og lauf. Mikið af lífrænum úrgangi fellur einnig til í eldhúsum og honum má umbreyta í gæða safnhaugamold eða svokallaða Moltu. Hér er um að ræða grunnnámskeið, sérstaklega ætlað þeim sem hyggja á jarðgerð eða eru nýlega byrjaðir. Nú er tækifæri til að læra rétt vinnubrögð við jarðgerð frá upphafi.

Farið verður yfir grunnatriði jarðgerðar. Fjallað verður um tilgang og markmið og hvernig staðið skal að jarðgerð. Kynntar verða mismunandi aðferðir við jarðgerð sem og ílát. Farið verður yfir hvað þarf að gera til að ná árangri við framleiðslu á góðu efni. Auk þess verður fjallað um eiginleika moltunnar og hvar og hvernig við getum nýtt hana. Á námskeiðinu gefst þátttakendum færi á að spyrja og miðla reynslusögum.



Kennsla / umsjón:

Baldur Gunnlaugsson, skrudgarðyrkjumeistari og garðyrkjutækni

Hvenær:

Mán. 17. og þri. 18. maí kl. 20:15 -22:15 (2x)

Verð: 8.900 kr. – sjánánar um námskeið og skráningu [hér](#)